

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00 — ein milljón krónur — sem innborgast af Borgarneshreppi með árlegu framlagi kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — á ári, næstu tíu ár. (Í fyrsta sinn 1968).

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, áheit, minningagjafir og önnur skyld fjárframlög.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal ávaxtast þar sem hreppsnefnd telur heppilegast og tryggast. Úthlutun úr sjóðnum má hefjast, þegar sjóðurinn nemur kr. 500 000.00 — fimm hundruð þúsund krónum — og má þá verja úr honum helmingi vaxtateknanna, en hinn helmingur vaxtanna leggist við höfuðstól.

Sjóðstjórnin hefur heimild til að leggja stærri hlut til höfuðstóls einstök ár, en hér er ákveðið, og einnig geyma til síðari ára til úthlutunar þá, nokkurn hluta eða allt, sem kemur til úthlutunar ár hvert.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa fimm menn: Oddviti Borgarneshrepps, forseti Rotaryklúbbs Borgarness, formaður Lionsklúbbs Borgarness og tveir menn, er kosnir eru af hreppsnefnd Borgarneshrepps og tveir til vara.

8. gr.

Stjórn sjóðsins heldur gjörðabók fyrir sjóðinn. Í hana færir hún meðal annars skipulagsskrá þessa. Einnig árlega reikninga sjóðsins, enn fremur umsóknir um styrk og hverjum styrkur er veittur hverju sinni.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Borgarneshrepps og þeir birtir ásamt reikningum hreppsins.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

I. SKOÐUN SKIPA O. FL.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips, skal eigandi þess greiða í ríkissjóð, sem hér segir:

Fyrir þilfarsskip minna en 15 rúml.	kr.	800.00
— — 15 rúml. allt að 30 rúml.	—	1 200.00
— — 30 — — — 50 —	—	1 600.00
— — 50 — — — 100 —	—	2 000.00
— — 100 — — — 200 —	—	2 800.00
— — 200 — — — 300 —	—	3 400.00
— — 300 — — — 400 —	—	4 000.00
— — 400 — — — 800 —	—	4 800.00
— — 800 — — — 1200 —	—	5 000.00
— — 1200 — — — 2000 —	—	6 000.00
— — 2000 — — — 5000 —	—	7 000.00
— — 5000 — og stærri	—	8 000.00

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi og eru stærri en 400 brl., skal greitt hálf gjald samkvæmt þessari grein, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða.

2. gr. Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun skal greiða samkvæmt reikningi eftirlits- eða skoðunarmanns, að viðbættum 30%.

3. gr. Smíði og viðgerðir.

1. Fyrir eftirlit með smíði tréskipa eða óflokkaðra stálskipa, sem smíðuð eru innanlands, skal greiða fimmfalt gjald samkvæmt 1. gr.
2. Fyrir eftirlit með smíði skipa erlendis, skal greiða útlagðan eftirlitskostnað hverju sinni samkvæmt reikningi, að viðbættum 30% til Siglingamálastofnunar ríkisins. Þó skal siglingamálastjóra heimilt að fella 30% álagið niður af ferðakostnaði, þar sem hann ekki skiptist á minnst fimm skip. Sama gildir um viðgerðir eða breytingar skipa ytra.

Siglingamálastofnun ríkisins skal heimilt að innheimta kr. 20 000.00 vegna eftirlitsins, þegar gengið hefur verið frá samningi um smíði skips erlendis. Að smíði lokinni skal eftirlitskostnaður gerður upp.

3. Fyrir eftirlit með breytingum og viðgerðum á skipum, sem framkvæmdar eru innanlands, skal greiða gjald samkvæmt 2. gr.

4. gr. Eimkatlar.

Fyrir skoðun á eimkatli skal greiða:

Skip með vél minni en 400 hestöfl	kr.	1 200.00
Skip með vél frá 400 til 800 hestöfl	—	1 500.00
Skip með vél 800 hestöfl og þar yfir	—	2 500.00

5. gr. Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjauitreikninga og útgáfu hleðslumerkjaskírteinis samkvæmt þeim, ásamt hleðslumerkjaskoðun skal greiða:

Fyrir skip minni en 100 rúml.	kr. 2 500.00
— — 100 rúml. allt að 500 rúml.	— 3 500.00
— — 500 — — 1000 —	— 4 500.00
— — 1000 — — 2000 —	— 6 000.00
— — 2000 — — 5000 —	— 8 000.00
— — stærri en 5000 rúml., kr. 8 000.00, að viðbættum kr. 2.00, fyrir hverja rúml., sem skipið er umfram 5000 rúml.	

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkja-skírteini frá erlendu stjórnarvaldi eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 1 000.00.

Fyrir skoðun á skipi til framlengingar eða endurnýjunar hleðslumerkjaskírteinis og útgáfu þess, kr. 1 500.00.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er eða ónýtt, skal greiða kr. 500.00, enda fari skoðun ekki fram.

6. gr.

Endurskoðun uppdráttá.

Fyrir endurskoðun smíðauppdráttá skal greiða:

Fyrir opinn bát	kr. 600.00
— þilfarsbát minni en 15 rúml.	— 1 000.00
— skip 15 rúml. allt að 30 rúml.	— 1 600.00
— — 30 — — 50 —	— 2 400.00
— — 50 — — 100 —	— 3 200.00
— — 100 — — 300 —	— 5 000.00
— — 300 — — 1000 —	— 6 000.00
— — 1000 — — 3000 —	— 7 000.00
— — 3000 — og stærri	— 8 000.00

Sé nákvæm rúmlestatala ekki kunn, má áætla hana með smíðamálum skipsins. Ef skipið er smíðað undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags, greiðist hálf gjald.

Fyrir endurskoðun uppdráttá vegna breytinga á skipi eða viðgerða, skal greitt samkvæmt reikningi Siglingamálastofnunarinnar.

7. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, enn fremur ferðakostnað og dagpeninga skoðunarmanna, skal greitt sérstaklega samkvæmt reikningi siglingamálastjóra.

II. SKRÁNING SKIPA, MÆLING O. FL.

8. gr.

Skráning. Útgáfa skjala.

1. Útgáfa þjóðernisskírteinis skipa 30 rúml. og stærri	kr. 1 000.00
2. Útgáfa alþjóðamælibréfs samkvæmt mælingarskýrslu	— 1 200.00
3. Afrit af alþjóðamælibréfi	— 200.00
4. Útgáfa mælibréfs fyrir skip undir 30 rúml.	— 600.00
5. Afrit af mælibréfi fyrir skip undir 30 rúml.	— 150.00
6. Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta	— 500.00
7. Afrit af mælibréfi fyrir opna vélbáta	— 100.00
8. Einkaleyfi á skipsnafn	— 6 500.00
9. Breyting á nafni skips eða heimilisfangi skv. 13 .gr. laga nr. 53/1970	— 5 000.00

9. gr.

Mæling skipa.

a. Opinn bátur	kr.	600.00
b. Skip undir 30 rúmlestum brúttó	—	1 200.00
c. Skip 30—100 rúmlestir brúttó	—	2 000.00
d. Skip 100—200 rúmlestir brúttó	—	3 000.00
e. Skip 200—400 rúmlestir brúttó	—	3 500.00
f. Skip 400—1000 rúmlestir brúttó	—	5 000.90
g. Skip 1000—3000 rúmlestir brúttó	—	6 500.00
h. Skip 3000—5000 rúmlestir brúttó og stærri	—	8 000.00
i. Skip 5000 rúmlestir brúttó og stærri	—	12 000.00
j. Að auki greiðist ferðakostnaður og dagpeningar mælingarmanna, skv. reikningi siglingamálastjóra. Fyrir endurskoðun á mælingu skips, greiðist hálf gjald.		

10. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkv. 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnuninni í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greidd í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld samkvæmt 2.—9. gr. skulu innheimt af sömu aðilum eftir reikningum sem Siglingamálastofnunin gefur út, eftir því sem gjöldin falla til, þó skal heimilt að innheimta gjöldin á skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar í Reykjavík, er hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum Siglingamálastofnunarinnar laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum, gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta samkvæmt reglugerð þessari í ríkissjóð, en krefja Siglingamálastofnun ríkisins um þóknun skoðunarmanna.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa, nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar, nr. 50 12. maí 1970, og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa, nr. 238/1963 og reglugerð um gjöld fyrir skráningu skipa, mælingu o. fl., nr. 22/1964.

Samgönguráðuneytið, 10. nóvember 1970.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfr Ingólfsson.